

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,

Dagsetning  
16. nóvember 2004


Tilvísun  
A-8  
LÖ/bb

150 Reykjavík.

Við er til erindis félagsmálanefndar Alþingis, dags. 10. nóv. sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um húsnæðismál, 220. mál, hámark láns hlutfalls.

Í nefndu frumvarpi eru lagðar til ýmsar breytingar á lögnum um húsnæðismál. Megintilgangur frumvarpsins er að hækka hlutfall almennra lána Íbúðalánasjóðs úr ýmist 65% eða 70% í 90% af matsverði íbúða. Þá er m.a. lagt til að sérstök viðbótarlán að beiðni húsnæðisnefnda sveitarfélaga verði lögð niður svo og felld niður ákvæði um að við afgreiðslu lánsúmsókna liggja fyrir mat á veðhæfni fasteignar og greiðslugetu lántaka. Jafnframt gerir frumvarpið ráð fyrir að sveitarfélögum og félagasamtökum verði hvort heldur boðið upp á lán til leiguíbúða með breytilegum vöxtum eða föstum vöxtum sem heimilt verði að veita án uppgreiðsluréttar og að heimilað verði að ráðstafa vöxtum varasjóðs viðbótarlána til annarra verkefna sjóðsins.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún gerir ekki athugasemdir við framangreint frumvarp umfram það að hvetja til þess að við afgreiðslu málsins verði hugað náið að mögulegum efnahagslegum áhrifum breytinga þeirra, er frumvarpið mælir fyrir um.

  
Sigríður Þórunn